



Reykjavík, 7. maí 2018

Fjárlaganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2019-2023, 494. mál.

Eftirfarandi er umsögn Kennarasambands Íslands (KÍ) um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2019-2023, 494. mál. Frestur til að skila umsögn var til 4. maí sl. KÍ óskaði eftir lengdum fresti til 8. maí sem nefndasvið þingsins veitti.

KÍ bendir á til upplýsingar að við skoðun á fjármálaáætluninni er farin sú leið að beina sjónum að nokkrum brýnum málum sem varða menntun og farsæld barna og ungmenna og aðstæðum skólanna í landinu til að rækja starf sem samrýmist markmiðum um aðlaðandi og framsækið starfsumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk.

1. Leikskólar og grunnskólar

KÍ leggur fast að Alþingi og stjórnvöldum að endurskoða og stækka tekjustofna sveitarfélaga með það fyrir augum að auka fjárveitingar til leikskóla og grunnskóla í samræmi við aukin verkefni og breyttar áherslur.

Upplýsingar Hagstofu Íslands um þróun opinberra útgjalda til fræðslumála vegna leikskóla og grunnskóla á árunum 2008 til 2017¹ sýna að þó að útgjöld hafi aukist í krónum talið þá hafa þau engu að síður dregist saman sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, að raunvirði og á hvern mann.

Á tímnum 2008 til 2017 lækkuðu opinber útgjöld til leikskóla sem hlutfall af vergri landsframleiðslu um 9,6%, að raunvirði um 8,0% og um 14,7% á hvern mann. Á sama tíma lækkuðu opinber útgjöld til grunnskóla sem hlutfall af vergri landsframleiðslu um 9,4%, að raunvirði um 7,5% og um 14,4% á hvern mann.


Mikill niðurskurður á framlögum hins opinbera til fræðslumála hefur bitnað harkalega á aðstæðum leikskóla og grunnskóla til að skipuleggja skólustarf í samræmi við stefnu um menntun fyrir öll börn, innviðir skólanna hafa veikt og starfsaðstæður versnað sem á stóran þátt í tíðum veikindum starfsfólks og brotthvarfi úr starfi.

Alþingi og stjórnvöld verða að snúa við blaðinu og láta af langvarandi fjárhagssveldi gagnvart skólunum svo hægt sé að blása til sóknar í menntamálum.

¹ Tölur ársins 2017 eru bráðabirgðatölur.

Útgjöld til fræðslumála á mann (1998=100) - Leikskólastig

Verðlag 2017. Staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar (hið opinbera) og verðvísitölu einkaneyslu fræðsluútgjalda (einkaáðilar). Heimild: Hagstofa Íslands




Leikskólastig			Fræðsluútgjöld hins opinbera 1998-2017				Vísitölur (1998 = 100)			
Ár	Meðal-mannfjöldi	Mannfj. 1998=100	Í milljónum króna	Hlutfall af vergri landsframleiðslu	Fræðsluútgjöld staðvirt ¹ (milj. króna)	Fræðsluútgjöld staðvirt ¹ á mann (þús. kr.)	Í milljónum króna	Hlutfall af vergri landsframleiðslu	Fræðsluútgjöld staðvirt ¹	Fræðsluútgjöld staðvirt ¹ á mann
1998	273.794	100,0	2.547	0,42	7.940	29	100,0	100,0	100,0	100,0
1999	277.184	101,2	2.834	0,44	8.288	29,9	111,3	104,8	104,4	103,1
2000	281.154	102,7	3.287	0,47	9.025	32,1	129,1	111,9	113,7	110,7
2001	285.054	104,1	4.057	0,51	10.290	36,1	159,3	121,4	129,6	124,5
2002	287.559	105,0	4.103	0,49	9.604	33,4	161,1	116,7	121,0	115,2
2003	289.272	105,7	4.267	0,49	9.633	33,3	167,5	116,7	121,3	114,8
2004	292.587	106,9	4.472	0,46	9.714	33,2	175,6	109,5	122,3	114,5
2005	295.864	108,1	5.287	0,5	10.947	37	207,6	119,0	137,9	127,6
2006	304.334	111,2	7.344	0,61	13.999	46	288,3	145,2	176,3	158,6
2007	311.396	113,7	8.939	0,65	15.975	51,3	351,0	154,8	201,2	176,9
2008	319.355	116,6	11.274	0,73	18.203	57	442,6	173,8	229,3	196,6
2009	319.246	116,6	11.949	0,75	17.527	54,9	469,1	178,6	220,7	189,3
2010	318.006	116,1	11.324	0,7	15.805	49,7	444,6	166,7	199,1	171,4
2011	319.014	116,5	11.962	0,7	15.855	49,7	469,7	166,7	199,7	171,4
2012	320.716	117,1	11.695	0,65	14.657	45,7	459,2	154,8	184,6	157,6
2013	323.764	118,3	12.262	0,65	14.764	45,6	481,4	154,8	185,9	157,2
2014	327.386	119,6	13.906	0,69	16.107	49,2	546,0	164,3	202,9	169,7
2015	330.815	120,8	14.869	0,67	16.144	48,8	583,8	159,5	203,3	168,3
2016	335.439	122,5	15.826	0,65	16.437	49	621,4	154,8	207,0	169,0
[2017]	343.400	125,4	16.753	0,66	16.753	48,6	657,8	157,1	211,0	167,6
Frá 1998	69.606	25,4%	14.206	0,24	8.813	19,6	557,8%	57,1%	111,0%	67,6%
Frá 2008	24.045	7,5%	5.479	-0,07	-1.450	-8,4	48,6%	-9,6%	-8,0%	-14,7%
Frá 2016	7.961	2,4%	927	0,01	316	-0,4	5,9%	1,5%	1,9%	-0,8%

¹Staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar. Verðlag 2017. [Bráðabirgðatölur fyrir 2017] Heimild: Hagstofa Íslands

Útgjöld til fræðslumála á mann (1998=100) - Grunnskólastig

Verðlag 2017. Staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar (hið opinbera) og verðvísitölu einkaneyslu fræðsluútgjalda (einkaáðilar). Heimild: Hagstofa Íslands



Grunnskólastig			Fræðsluútgjöld hins opinbera 1998-2017				Vísitölur (1998 = 100)			
Ár	Meðal-mannfjöldi	Mannfj. 1998=100	Í milljónum króna	Hlutfall af vergri landsframleiðslu	Fræðsluútgjöld staðvirt ¹ (milj. króna)	Fræðsluútgjöld staðvirt ¹ á mann (þús. kr.)	Í milljónum króna	Hlutfall af vergri landsframleiðslu	Fræðsluútgjöld staðvirt ¹	Fræðsluútgjöld staðvirt ¹ á mann
1998	273.794	100,0	19.351	3,22	60.235	220,0	100,0	100,0	100,0	100,0
1999	277.184	101,2	21.534	3,34	62.948	227,1	111,3	103,7	104,5	103,2
2000	281.154	102,7	24.125	3,44	66.324	235,9	124,7	106,8	110,1	107,2
2001	285.054	104,1	26.869	3,39	68.099	238,9	138,9	105,3	113,1	108,6
2002	287.559	105,0	32.896	3,89	77.123	268,2	170,0	120,8	128,0	121,9
2003	289.272	105,7	32.509	3,74	73.417	253,8	168,0	116,1	121,9	115,4
2004	292.587	106,9	35.385	3,67	76.775	262,4	182,9	114,0	127,5	119,3
2005	295.864	108,1	39.847	3,79	82.546	279,0	205,9	117,7	137,0	126,8
2006	304.334	111,2	44.640	3,73	85.031	279,4	230,7	115,8	141,2	127,0
2007	311.396	113,7	48.269	3,53	86.319	277,2	249,4	109,6	143,3	126,0
2008	319.355	116,6	54.570	3,52	88.142	276,0	282,0	109,3	146,3	125,5
2009	319.246	116,6	55.667	3,48	81.663	255,8	287,7	108,1	135,6	116,3
2010	318.006	116,1	54.957	3,38	76.767	241,4	284,0	105,0	127,4	109,7
2011	319.014	116,5	58.674	3,43	77.744	243,7	303,2	106,5	129,1	110,8
2012	320.716	117,1	58.159	3,25	72.899	227,3	300,5	100,9	121,0	103,3
2013	323.764	118,3	61.237	3,22	73.656	227,5	316,5	100,0	122,3	103,4
2014	327.386	119,6	67.827	3,36	78.605	240,1	350,5	104,3	130,5	109,1
2015	330.815	120,8	72.065	3,23	78.238	236,5	372,4	100,3	129,9	107,5
2016	335.439	122,5	74.862	3,05	77.654	231,5	386,9	94,7	128,9	105,2
[2017]	343.400	125,4	81.494	3,19	81.494	236,3	421,1	99,1	135,3	107,4
Frá 1998	69.606	25,4%	62.143	-0,03	21.259	16,3	321,1%	-0,9%	35,3%	7,4%
Frá 2008	24.045	7,5%	26.924	-0,33	-6.648	-39,7	49,3%	-9,4%	-7,5%	-14,4%
Frá 2016	7.961	2,4%	6.632	0,14	3.840	4,8	8,9%	4,6%	4,9%	2,1%

¹Staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar. Verðlag 2017. [Bráðabirgðatölur fyrir 2017] Heimild: Hagstofa Íslands

2. Framhaldsskólar

Samkvæmt því sem segir í fjármálaáætluninni er gert ráð fyrir að framlög til framhaldsskólastigsins verði hækkuð í samræmi við áherslur ríkisstjórnar í stjórnarsáttmála um að efla menntun í landinu með sérstakri áherslu á verk- og starfsnám.

Sköðun á þessu leiðir í ljós að óverulegar hækkningar eru ráðgerðar á framlögum á fimm ára tímabili áætlunarinnar frá 2019 til 2023. Hins vegar má sjá á nýrri áætlun að ekki standi til að draga það fjármagn úr rekstri framhaldsskólanna sem sparast við styttingu námstíma til stúdentsprófs og er það vel.

Gengið er út frá mikilli fækkun ársnemenda í viðurkenndum framhaldsskólum fram til 2020 vegna styttingar námsins í þrjú ár og fækkunar í árgöngum, samtals 2.618 ársnemendum eða 14,16%, sem leiðir til hærri framlags á hvern ársnemenda, að óbreyttum fjárfrahlögum. Það er vert að benda á að áætlunin felur hins vegar ekki í sér raunútgjaldaaukningu til skólastigsins.

Fram kemur að hækkun framlaga á hvern nemanda eigi að gera skólunum kleift að bæta gæði kennslu og námsframboðs, efla stoðþjónustu og endurnýja búnað og kennslutæki. KÍ telur vandséð að breyting af þessu tagi dugi til að byggja upp innviði skólanna eftir langvarandi fjárfsvelti.

Varðandi það markmið um að fleiri nemendur ljúki prófum á tilskildum tíma þá telur KÍ styttingu náms í framhaldsskólum hafa verið vanhugsaða framkvæmd frá upphafi. Stjórnvöld á þeim tíma fullyrtu að stytting námsins fæli í sér mikinn sparnað og að brotthvarf úr námi myndi minnka.

Nú eru hins vegar vísbendingar um að álag á nemendur vegna samþjöppunar í námi og lengri skóladags hafi aukist verulega og minni tími sé til félagslífs og tómstundastarfs. Brotthvarf úr námi virðist auk þess ekki hafa minnkað, öfugt við það sem hvítbókin boðaði. Námsframboð hefur látið undan síga sem leiðir mögulega til lakari undirbúnings nemenda fyrir frekari menntun og störf á vinnumarkaði. Nýlegar tölur Hagstofu sýna samdrátt í kennslu erlendra tungumála. Álag á kennara og skólastjórnendur hefur aukist og fyrirsjáanlegt er að styttingin mun hafa mikil áhrif á starfsöryggi fagfólks í skólunum til hins verra.

Framhaldsskólar hafa búið við langvarandi fjárfsvelti og árleg framlög á hvern nemanda hafa verið langt undir framlögum í þeim löndum sem við höfum viljað bera okkur saman við.


KÍ áréttar að ákvarðanir um nám og námstíma nemenda eiga að ráðast af faglegum sjónarmiðum. Gæði menntunar verða ekki mæld í skilvirkni og afköstum og menntakerfið er ekki færiband sem þarf að snúast hraðar. Slík hugsun horfir fram hjá almannagæðum menntunar, lýðræðislegum áhrifum hennar og félagslegu mikilvægi fyrir einstaklinga og samfélag.

KÍ telur mjög brýnt að Alþingi og mennta- og menningarmálaráðherra láti fara fram óháða faglega úttekt á styttingu náms í framhaldsskólum sem nýta megi til að gera úrbætur. Þar skuli einnig skoða áhrif styttingarinnar á undirbúning nemenda fyrir frekara nám.

Eigi að nást það brýna markmið að efla starfsnám verður að setja frekari fjárfmuni til framhaldsskólastigsins. Þá þarf sérstaklega að efla Vinnustaðanámsjóð til að auðvelda fleiri nemendum að ljúka starfsnámi með því að komast í nám og starfsþjálfun á vinnustað. Erfiðleikar margra nemenda við að komast á samning til að geta lokið náminu hefur verið einn helsti veikleikinn á skipulagi starfsnámsins um langa hríð.

KÍ leggur fast að fjárfaganefnd að auka framlög til framhaldsskólanna á tímabili áætlunarinnar.

KÍ vill vekja athygli fjárlaganefndar á myndunum hér fyrir neðan en þær byggja á upplýsingum Hagstofu Íslands um þróun opinberra útgjalda til fræðslumála vegna framhaldsskóla á árunum 1998 til 2016. Myndirnar sýna að þó að opinber útgjöld til fræðslumála vegna framhaldsskóla hafi aukist í krónum talið þá hafa þau engu að síður dregist saman sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, að raunvirði og á hvern mann. Á tímanum 2008 til 2016 lækkuðu opinber útgjöld til framhaldsskóla sem hlutfall af vergri landsframleiðslu um 8,1%, að raunvirði 6,6% og 11,1% á hvern mann.



Framhaldsskólastig			Fræðsluútgjöld hins opinbera 1998-2016					Vísitölur (1998 = 100)			
Ár	Meðal-mannfjöldi	Mannfj. 1998=100	Í milljónum króna	Hlutfall af vergri landsframleiðslu	Fræðsluútgjöld staðvært ¹ (millj. króna)	Fræðsluútgjöld staðvært ¹ á mann (þús. kr.)	Í milljónum króna	Hlutfall af vergri landsframleiðslu	Fræðsluútgjöld staðvært ¹	Fræðsluútgjöld staðvært ¹ á mann	
1998	273.794	100,0	7.828	1,3	23.492	85,8	100,0	100,0	100,0	100,0	
1999	277.184	101,2	8.170	1,27	23.006	83	104,4	97,7	97,9	96,7	
2000	281.154	102,7	8.134	1,16	21.536	76,6	103,9	89,2	91,7	89,3	
2001	285.054	104,1	10.850	1,37	26.510	93	138,6	105,4	112,8	108,4	
2002	287.559	105,0	11.516	1,36	26.024	90,5	147,1	104,6	110,8	105,5	
2003	289.272	105,7	12.290	1,42	26.758	92,5	157,0	109,2	113,9	107,8	
2004	292.587	106,9	13.507	1,4	28.264	96,6	172,5	107,7	120,3	112,6	
2005	295.864	108,1	13.973	1,33	27.900	94,3	178,5	102,3	118,8	109,9	
2006	304.334	111,2	15.968	1,33	29.338	96,4	204,0	102,3	124,9	112,4	
2007	311.396	113,7	16.520	1,21	28.462	91,4	211,0	93,1	121,2	106,5	
2008	319.355	116,6	19.210	1,24	29.924	93,7	245,4	95,4	127,4	109,2	
2009	319.246	116,6	20.555	1,28	29.083	91,1	262,6	98,5	123,8	106,2	
2010	318.006	116,1	19.846	1,22	26.713	84	253,5	93,8	113,7	97,9	
2011	319.014	116,5	20.431	1,2	26.095	81,8	261,0	92,3	111,1	95,3	
2012	320.716	117,1	21.337	1,19	25.786	80,4	272,6	91,5	109,8	93,7	
2013	323.764	118,3	22.146	1,17	25.674	79,3	282,9	90,0	109,3	92,4	
2014	327.386	119,6	23.018	1,14	25.700	78,5	294,0	87,7	109,4	91,5	
2015	330.815	120,8	26.393	1,18	27.623	83,5	337,2	90,8	117,6	97,3	
2016	335.439	122,5	27.956	1,14	27.942	83,3	357,1	87,7	118,9	97,1	
Frá 1998	61.645	22,5%	20.128	-0,16	4.451	-2,5	257,1%	-12,3%	18,9%	-2,9%	
Frá 2008	16.084	5,0%	8.746	-0,10	-1.981	-10,4	45,5%	-8,1%	-6,6%	-11,1%	
Frá 2015	4.624	1,4%	1.563	-0,04	319	-0,2	5,9%	-3,4%	1,2%	-0,2%	

¹Staðvært með verðvísitölu samneyslunnar. Verðlag 2016. Heimild: Hagstofa Íslands

3. Staða íslenskrar tungu í skólakerfi og samfélagi

Í fjármálaáætluninni er lögð áhersla á að áskoranir vegna vaxandi áhrifa tölvutækni á daglegt líf kalli á aðgerðir til að tryggja að íslenskan verði gjaldgeng í samskiptum sem byggjast á tölvutækni. Fram kemur að stefnt er að því að styrkja stöðu íslenskrar tungu og tákn máls enn frekar.

Um þetta er fjallað í eftirfarandi málaflokkum: 7.10. Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum, 18.30. Menningarsjóðir og 22.10 Leikskóla- og grunnskólástig.

- Um málaflokk 7.10 segir að svo best megi mynda stefnu um málaflokkinn til framtíðar og bæta nýtingu fjár sem til hans rennur þurfi að skilgreina vel þær krefjandi áskoranir sem íslenskt samfélag muni standa frammi fyrir næstu áratugin, þ.m.t. hvernig efla skuli stöðu íslenskrar tungu í tölvum og tækni.
- Um málaflokk 18.30 segir að eitt af meginviðfangsefnum hans verði að efla stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu með viðeigandi hætti á grundvelli íslenskrar málstefnu frá 2009 sem verði fylgt eftir, m.a. með því að auka stuðning við notkun íslensku á öllum sviðum, þ.m.t. í tölvutækni og framboði affreyningarefnis. Einnig segir að verði tillaga til þingsályktunar um stöðu íslenskrar tungu samþykkt sem á að leggja fyrir Alþingi á þessu ári verði hún notuð sem grundvöllur fyrir aðgerðir stjórnvalda. Ennfremur er stefnt að því að áætlun um stuðning við notkun íslensku á öllum sviðum verði tilbúin árið 2019 og að innviðir íslenskrar máltækni í opnum aðgangi hafi verið byggðir upp árið 2022.
- Markmið í málaflokki 22.10 sem varða eflingu íslenskrar tungu eru að fleiri grunnskólanemendur hafi við lok grunnskóla náð lágmarksviðmiðum í lestri og að efla gerð og útgáfu námsgagna fyrir nemendur á skólaskyldualdri.

Fram kemur að á fjárlögum 2018 hafi verið settar 450 m.kr. í máltækni verkefni sem tengist málaflokkum 7.10 og 18.30 og 115 m.kr. í sérstök fræðsluverkefni í málaflokki 22.10 vegna læsisaðgerða á vegum Menntamálastofnunar samkvæmt markmiðum hvítbókar. Erfitt er að ráða af framsetningu útgjaldaramma ofangreindra málaflokka á næstu fimm árum hvort ætlunin sé að verja meiri fjármunum til þeirra en gert var í fjárlögum 2018 til að styrkja stöðu íslenskrar tungu.

KÍ telur að ráðast þurfi í viðtækar aðgerðir á mun fleiri sviðum til að efla læsi en einvörðungu með því að leggja fjármuni til Menntamálastofnunar til að þróa mælitæki fyrir kennara og skóla til að meta læsi og framvindu nemenda í læsi, skima fyrir lestrarerfiðleikum og að veita kennurum, skólum og sveitarfélögum ráðgjöf um aðferðir til að efla læsi, eins og áherslurnar hafa hingað til einkennst af.

KÍ bendir á að í aðgerðaáætlun verkefnahóps mennta- og menningarmálaráðuneytis um eflingu læsis (2015) eru fjölmargar brýnar tillögur sem ekki hafa verið virkjaðar sem snerta sérstaklega menntun tvítýngdra nemenda, menntun og starfsþjálfun verðandi kennara, menntun og starfsþróun starfandi kennara, stuðning við skólastjórnendur til að efla starfsþróun á vettvangi í tengslum við læsi, að allir kennarar vinni með læsi í ólíkum námsgreinum á öllum stigum, að efla fjölbreytt framboð og aðgengi að námsefni, lesefni og bókum við hæfi fyrir nemendur og starfsemi skólalabókasafna.

KÍ telur mjög brýnt að ráðist verði í aðgerðir á þessum sviðum og tryggjum fjármunum þarf að verja til þeirra.

KÍ leggur mikla áherslu á í sambandi við þá vinnu sem nú er í gangi um námsgögn á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis og sem reifuð er í fjármálaáætluninni að þessi vinna beinist að því að efla gerð og útgáfu námsgagna fyrir nemendur í öllu skólakerfinu, leikskólum, grunnskólum, tónlistarskólum og framhaldsskólum og að námsgögn styðji við markmið um nám við hæfi, starf kennara og þróun náms og kennslu. Námsgögn eiga að vera öllum nemendum að kostnaðarlausu til að tryggja jafnrétti til náms óháð efnahag og aðstæðum.

Það er ljóst að staðan á útgáfu námsgagna fyrir nemendur á skólaskyldualdri helst engan veginn í hendur við áherslur námskrár eða hraðstígar tækni- og samfélagsbreytingar. Algjört ófremdarástand er í útgáfu námsgagna fyrir framhaldsskóla og ósvífnar álögur eru lagðar á nemendur og foreldra vegna kostnaðar við kaup á námsgögnum. Alþingi og stjórnvöld verða að taka þessa stöðu alvarlega.

Fjölbreytt og vönduð námsgögn á íslensku er mikilvægur liður í því að styrkja stöðu íslenskrar tungu í skólakerfi og samfélagi.

KÍ skorar á Alþingi og stjórnvöld að tryggja stöðu íslenskrar tungu í skólakerfi og samfélagi með miklu markvissari hætti en gert er ráð fyrir í fjármálaáætluninni.

Staða íslenskrar tungu er brothætt og snúa þarf vörn í sókn. Að verki eru miklar og hraðar samfélags- og tæknibreytingar sem hafa víðtæk áhrif á flestum sviðum mannlífsins og áhrif enskunnar á íslenskt málumhverfi eru meiri og víðtækari en nokkru sinni. Sífellt fleiri kennarar stíga fram og greina frá námserfiðleikum nemenda vegna dalandi málskilnings og orðaforða og staðfesta rannsóknir þessa alvarlegu þróun. Alþingi og stjórnvöld verða að bregðast við þessari stöðu af festu og myndugleika og hafa forystu um almenna vitundarvakningu í samfélaginu um nauðsyn þess að styrkja stöðu tungunnar á öllum sviðum.

KÍ telur eftirfarandi aðgerðir vera mjög brýnar til styrkja stöðu íslenskrar tungu:

- Að efla stöðu Íslenskrar málnefndar og veita þeim aðilum markvissan stuðning sem vinna að eflingu íslenskunnar í stafrænum heimi.
- Að hvetja foreldra/forráðamenn og kennara til að lesa fyrir börn, hlusta á þau lesa og að sýna bókum og lestri áhuga.
- Að auka framboð á vönduðu og fjölbreyttu náms- og kennsluefni á íslensku sem helst í hendur við markmið um menntun við hæfi og styður við starf kennara og þróun náms og kennslu.
- Að auka framboð á vönduðum og fjölbreyttum bókum og lesefni fyrir börn og ungmenni til að efla lestur, lesfimi, lesskilning og orðaforða.
- Að veita höfundum barna- og unglingsbóka sérstakan stuðning og styrki.
- Að afnema virðisaukaskatt á bækur og efla skólabókasöfn með stuðningi og fjárframlögum.
- Að náms- og kennsluefni verði nemendum að kostnaðarlausu frá upphafi leikskóla til loka framhaldsskóla og í tónlistarskólum til að tryggja jafnrétti til náms óháð efnahag og aðstæðum.
- Að Menntamálastofnun verði falið það hlutverk að sjá um gerð og miðlun náms- og kennsluefnis fyrir öll skólastig og tónlistarskóla.
- Að Alþingi og stjórnvöld tryggi Menntamálastofnun fjárveitingar til að sinna sem best þörfum nemenda, kennara og skóla fyrir vandað og fjölbreytt náms- og kennsluefni.
- Að tryggja skólum ókeypis aðgang að íslensku efni sem er framleitt með stuðningi ríkisins.
- Að bæta og jafna aðgengi nemenda, kennara og starfsfólks að tækjakosti og tæknibúnaði með íslensku viðmóti og tryggja skólum fjármuni til þessa í samræmi við nútímakröfur sem gerðar eru til menntunar og skólastarfs.

KÍ telur mjög brýnt að aðgerðir stjórnvalda til að efla íslenska tungu taki mið af þeim aðgerðum sem eru lagðar til hér að ofan og að þeim verði fylgt eftir með tryggum fjárframlögum svo að þeim megi koma sem fyrst í framkvæmd. Að styrkja stöðu íslenskrar tungu í skólakerfi og samfélagi þolir enga bið og ráðast þarf í víðtækar aðgerðir á mörgum sviðum í þessum tilgangi.

4. Nemendur af erlendum uppruna

Nemendum af erlendum uppruna hefur fjölgað mikið í íslensku skólakerfi á undanförmum árum í takt við alþjóðavæðingu, aukna eftirspurn eftir vinnuafli hér á landi og ófriðarástand í mörgum heimshlutum. Engin ástæða er til að ætla annað en að fólki af erlendum uppruna haldi áfram að fjölga hér á landi eins og hefur verið og tvítyngdum nemendum í skólakerfinu.

Mikil þörf er á því að Alþingi og stjórnvöld taki menntun og farsæld nemenda af erlendum uppruna föstum tókum og standi miklu betur við skuldbindingar á þessum sviðum samkvæmt alþjóðasáttmálum sem Ísland hefur undirgengist. Ábyrgð á menntun og farsæld nemendanna þarf að koma fram með miklu afdráttarlausari hætti í fjármálaáætluninni en gert er í þeim málaflokkum hennar þar sem um þá er fjallað: 10.50 Útlendingamál, 22.10 Leikskóla- og grunnskólastig og 29.70 Málefni innflytjenda og móttaka flóttamanna.

Ísland er fjölmenningsarsamfélag og samskipti eiga að einkennast af gagnkvæmri virðingu. Skólinn gegnir mikilvægu hlutverki í því að hjálpa nemendum með annað móðurmál en íslensku að skapa sér líf og góða framtíð í samfélaginu. Tryggja þarf skólum og kennurum sem bestar aðstæður til að vinna að þessu brýna verkefni.

KÍ telur það alvarlega stöðu að mikill skortur er á samstarfi og samræmdri stefnu hér á landi um málefni nemenda af erlendum uppruna. Ekki er fyrir hendi nein stefna af hálfu Alþingis og stjórnvalda með hvaða hætti skuli standa að menntun og skólagöngu nemendanna né heldur varðandi stuðning við kennara og skólastjórnmendur til að auðvelda þeim að sinna menntun þeirra sem best. Þau ráðuneyti sem koma að málefnum nemenda af erlendum uppruna verða að láta af því að vísa hvert á annað og axla sameiginlega ábyrgð á menntun og farsæld nemendanna og hafa samstarf við KÍ, sveitarfélög og skóla um útfærslu stefnu og aðgerða á grundvelli hennar.

KÍ undirstrikar að Alþingi og stjórnvöld hafa eftirfarandi skyldur vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku:

- Yfirvöld þurfa að standa við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasáttmálum sem Ísland hefur undirgengist. Hlusta þarf á sjónarmið barna og ungmenna og tryggja að raddir þeirra komi fram í stefnu og stuðningi við þau. Gera þarf ítarlega úttekt á þörfum og stöðu þessa hóps.
- Jafna þarf lagalega stöðu barna og ungmenna og rétt þeirra til menntunar, stuðnings og annarrar þjónustu.
- Tryggja þarf fullnægjandi stefnu, sérstaka námskrá og stuðning við nemendur.
- Tryggja þarf framboð á námsefni og kennslu fyrir nemendur í íslensku sem annað tungumál án endurgjalds og stuðningsefni við hefðbundnar námsgreinar og námsbækur.
- Veita þarf foreldrum og börnum upplýsingar og ráðgjöf um íslenskt skólakerfi við komu þeirra til landsins.
- Veita þarf kennurum og skólum stuðning og ráðgjöf og tryggja þarf samræmi í móttöku og stuðningi við nemendur í skólum og sveitarfélögum.
- Kennarar og skólar hafi aðgang að gagnagrunni með fjölbreyttum verkfærum og ráðgjöf um móttöku og stuðning við nemendur, skipulag náms og kennslu og samstarf við foreldra.
- Tryggja þarf að kennarar hafi þekkingu til að kenna nemendum íslensku sem annað tungumál og í almennri bekkjarkennslu. Auka þarf tækifæri kennara til starfsþróunar. Í menntun allra verðandi kennara þarf að leggja áherslu á kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku og undirbúning fyrir að starfa í fjölmenningsarlegum skóla.
- Tryggja þarf skólum sérfræðiráðgjöf og fjármuni vegna kennslu og stuðnings við nemendur með annað móðurmál en íslensku og samstarfs við foreldra.
- Stjórnvöld sjái til þess að erlendir nemendur hafi aðgang að móðurmálskennslu og tryggi að móðurmálsnám þeirra falli að íslenskum námskrám og skólastarfi.

5. Náms- og starfsráðgjöf fyrir nemendur

Í málaflokki 22.10 Leikskóla- og grunnskólastig í fjármálaáætluninni eru markmið um að auka hlutfall grunnskóla þar sem nemendur hafa aðgang að þjónustu náms- og starfsráðgjafa og að kanna gæði og umfang þjónustu náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum.

KÍ skorar á Alþingi og stjórnvöld að uppfylla lagaskyldur við nemendur í grunnskólum og framhaldsskólum um rétt til náms- og starfsráðgjafar hjá fagaðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa.

Til margra ára hefur ítrekað verið bent á mikilvægi náms- og starfsráðgjafar fyrir nemendur til að lágmarka brotthvarf úr námi og að efla meðvitund þeirra um náms- og starfsval.

KÍ leggur áherslu á eftirfarandi aðgerðir til að efla náms- og starfsráðgjöf fyrir nemendur:

- Að hver skóli hafi aðgang að náms- og starfsráðgjafa með tilskilda menntun samkvæmt lögum.
- Að farið sé að lögum um rétt nemenda til náms- og starfsráðgjafar.

- Að sett verði heildstæð náms- og starfsráðgjafaáætlun fyrir skóla þar sem 300 nemendur eða færri eru að baki hverju stöðugildi í náms- og starfsráðgjöf.
- Að auka vægi náms- og starfsfræðslu í grunnskólum og framhaldsskólum og gera að skylduviðfangsefni í menntun nemenda til að auðvelda þeim að taka meðvitaðar ákvarðanir um náms- og starfsval.
- Að tryggja náms- og starfsráðgjöfum góðar starfsaðstæður til að veita nemendum leiðsögn í persónulegum málum sem snerta námið, náms- og starfsval og skólann.
- Að lokið verði við stefnumótunarvinnu um náms- og starfsráðgjöf sem byggir á skýrslu starfshóps um þróun náms- og starfsráðgjafar til mennta- og menningarmálaráðuneytisins maí 2015. Þar er meðal annars lögð áhersla á að allir hafi aðgengi að náms- og starfsráðgjöf óháð búsetu, aldri og menntun og bent á mikilvægi náms- og starfsráðgjafar alla ævi, stuðning við starfsþróun, lágmrörkun brotthvarfs og aukna atvinnuþátttöku.
- Að sett verði aðgerðaáætlun um náms- og starfsráðgjöf með skilgreindum fjárframlögum með áherslu á náms- og starfsfræðslu sem mikilvægt tæki til að sporna gegn brotthvarfi í námi, uppbyggingu vefgáttar um nám og störf, aukið samstarf skóla og atvinnulífs, uppbyggingu og þróun náms- og starfsráðgjafar alla ævi, skýrara starfssvið og bætt starfsumhverfi náms- og starfsráðgjafa í skólakerfinu, starfsþróun og eflingu rannsókna.

6. Sjóðir til nýsköpunar í skólastarfi og námsgagnagerðar fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla

KÍ leggur fast að Alþingi að veita auknum fjárframlögum til Sprotasjóðs og Þróunarsjóðs námsgagna í fjármálaáætluninni á næstu fimm árum í samræmi við áherslur ríkisstjórnarinnar um að efla nýsköpun og þróun á öllum skólastigum.

Sprotasjóður er sameiginlegur sjóður fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og styður við þróun og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá, samkvæmt 15. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla, 34. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 53. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

Yfirlit yfir fjölda umsókna frá stofnun sjóðsins, heildarupphæðir sem sótt var um, úthlutunarupphæðir og fjöldi verkefna sem voru styrkt.

Ár	Fjöldi umsókna	Heildarupphæð sem sótt var um	Úthlutunarupphæð	Fjöldi verkefna
2009	143	250 milljónir króna	44 milljónir króna	44
2010	128	252 milljónir króna	44,78 milljónir króna	47
2011	127	305 milljónir króna	44 milljónir króna	34
2012	189	400 milljónir króna	43 milljónir króna	46
2013	115	227 milljónir króna	45 milljónir króna	40
2014	124	259 milljónir króna	50 milljónir króna	37
2015	172	360 milljónir króna	49 milljónir króna	45
2016	129	300 milljónir króna	60 milljónir króna	38
2017	119	266 milljónir króna	61 milljón króna	48

Þróunarsjóður námsgagna

Þróunarsjóður námsgagna starfar samkvæmt lögum um námsgögn nr. 71/2007 og reglugerð um þróunarsjóð námsgagna nr. 1268/2007. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-grunn- og framhaldsskóla með það að markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla.


Yfirlit yfir fjölda umsókna frá stofnun sjóðsins, heildarupphæðir sem sótt var um, úthlutunarupphæðir og fjöldi verkefna sem voru styrkt.

Ár	Fjöldi umsókna	Heildarupphæð sem sótt var um	Úthlutunarupphæð	Fjöldi verkefna
2008	131	159 milljónir króna	56,3 milljónir króna	66
2009	134	200 milljónir króna	61,44 milljónir króna	56
2010	175	254 milljónir króna	66,38 milljónir króna	79
2011	150	125 milljónir króna	40,26 milljónir króna	64
2012	140	123 milljónir króna	44,45 milljónir króna	47
2013	144	190 milljónir króna	43,84 milljónir króna	35
2014	162	216 milljónir króna	48,08 milljónir króna	38
2015	124	164 milljónir króna	48,34 milljónir króna	35
2016	109	154 milljónir króna	51 milljón króna	35
2017	92	138,5 milljónir króna	51 milljón króna	34

Frá stofnun Þróunarsjóðs námsgagna og Sprotasjóðs hefur árleg heildarupphæð umsókna verið margfalt hærri en úthlutunarfé sjóðanna. Ljóst er af umsóknafjölda að svörun stjórnvalda hefur engan veginn verið í samræmi við aðsókn í sjóðina.

Framlög til Sprotasjóðs og Þróunarsjóðs námsgagna eru tekin saman í töflu og mynd hér á eftir og skoðuð á verðlagi ársins 2017. Á myndinni sést hvernig framlög til sjóðanna á verðlagi ársins 2017 hafa þróast og niðurskurður á fjárframlögum. Mikil þörf er á stóru auknum fjárframlögum stjórnvalda til að auka framboð á fjölbreyttu og vönduðu náms- og kennsluefni og til að styðja myndarlega við þróun og nýjungar í skólastarfi á öllum skólastigum.

Ár	Námsgagnasjóður		Sprotasjóður		Próunarsj. námsgagna	
	Framlag í m.kr.	Framlag á verðlagi 2017 (VNV-ág.)	Framlag í m.kr.	Framlag á verðlagi 2017 (VNV-ág.)	Framlag í m.kr.	Framlag á verðlagi 2017 (VNV-ág.)
2007	100,0	162,2				
2008	100,0	144,3			56,3	81,2
2009	50,0	64,4	44,0	56,7	61,4	79,2
2010	60,0	73,3	44,8	54,7	66,4	81,1
2011	40,0	47,0	44,0	51,7	40,3	47,3
2012	40,0	44,7	43,0	48,1	44,5	49,7
2013	40,0	43,0	45,0	48,4	43,8	47,2
2014	54,0	56,9	50,0	52,7	48,1	50,7
2015	54,0	56,0	49,0	50,8	48,3	50,1
2016	54,0	55,1	60,0	61,2	51,0	52,0
2017	54,0	54,0	61,0	61,0	51,0	51,0



Virðingarfyllst,

f.h. Kennarasambands Íslands,

Ragnar Þór Pétursson formaður, Anna María Gunnarsdóttir varaformaður